

**Sþ.**

## **12. Tillaga til þingsályktunar**

vegna trúnaðarbrotis við Alþingi.

Flm.: Sveinbjörn Högnason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina, að hún láti rannsókn fara fram á því, hver hefur gerzt sekur um trúnaðarbrot við Alþingi, með því að skýra einu dagblaði bæjarins frá því, sem gerðist á lokuðum fundi í sambandi við brezk-íslenzka fisk-sölusamninginn.

### **Ástæður.**

Eins og kunnugt er, skýrði Morgunblaðið frá því, strax daginn eftir, hvað gerzt hafði á lokuðum fundi Alþingis, er brezk-íslenzki fisksölusamningurinn var þar til umræðu. Getur slíkt ekki komið fyrir nema einhver alþingismanna gerist sekur um trúnaðarbrot við þingið. Þar sem tímarnir eru nú hins vegar þannig, að margt það, sem Alþingi verður að láta til sín taka, er heppilegra að athuga í kyrrþey, þá verður það að teljast mjög alvarleg athöfn að slá það vopn úr hendi þjóðar sinnar, og skiptir þar engu, hvers eðlis það mál er, sem um er að ræða.

Þar sem grunur leikur einnig á, að einn ráðherranna sé við þetta mál riðinn, liggur það í augum uppi, að þingið er tæpast starfhæft fyrr en mál þetta er upplýst og skorður reistar við því, að þetta komi fyrir framvegis.